

Skipulagsstofnun  
Valur Klemensson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 14. júlí 2016  
UST201606-166/B.S.  
10.05.03

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Dýpkun við Bæjarbryggju. Umsögn


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða framkvæmdir við hafnarmannvirki og dýpkun á hafnarsvæðinu. Magn dýpkunarefna er áætlað um 80.000 m<sup>3</sup>. Af því munu um 15.000 m<sup>3</sup> nýtast í landfyllingu en ráðgert er að varpa um 65.000 m<sup>3</sup> í hafið á svæði þar sem áður hefur verið losað dýpkunarefni. Gerðar hafa verið efnarannsóknir á dýpkunarefninu og er styrkur þungmálma undir mörkum og PCB rannsóknir sýndu engin vik. Dýpkunin fer fram á svæði sem þegar hefur verið raskað við sambærilegar framkvæmdir. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Stofnunin telur þó að framkvæmdaaðili ætti að kanna hvort ástæða sé til að vakta ástand losunarstaðar og afdrif dýpkunarefnis.

Varp dýpkunarefna í hafið er háð leyfi Umhverfisstofnunar skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur



Agnar Bragi Bragason  
Lögfræðingur